

Þriðjudaginn 12. febrúar 1985.

Nr. 193/1983. **Akraneskaupstaður**

(Guðmundur Markússon hrl.)

gegn

Helga Péturssyni

og gagnsök

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Heilbrigðisreglugerð. Brottflutningur bifreiðar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 7. október 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, útgefna 5. s.m. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjaði málinu með stefnu 24. október 1983, krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi greiði sér „kr. 20.000,00 ásamt 35% ársv. frá 01.07.1980 til 01.06.1981, 34% ársv. frá þ.d. til 01.02.1982, 39% ársv. frá þ.d. til 01.11.1982, 47% ársv. frá þ.d. til 21.09.1983, 39% ársv. frá þ.d. til 21.10.1983, 36% ársv. frá þ.d. til 21.11.1983, 32% ársv. frá þ.d. til 21.12.1983, 25% ársv. frá þ.d. til 21.01.1984, 19% ársv. frá þ.d. til 13.08.1984, 24% ársv. frá þ.d. til 27.08.1984, 25% ársv. frá þ.d. til 18.09.1984, 25,5% ársv. frá þ.d. til 11.10.1984, 26% ársv. frá þ.d. til 25.10.1984, 27,5% ársv. frá þ.d. til 01.02.1985, 34% ársv. frá þ.d. til dómsuppsögu og síðan dómvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, auk málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda verði gert að greiða málskostnað í Hæstarétti.“

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 13.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Akraneskaupstaður, greiði gagnáfrýjanda, Helga Péturssyni, 13.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 3. júní 1983.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. maí sl. eftir munnlegan flutning málsins, var höfðað með stefnu, útgefinni 25. janúar 1982 og birtri 1. febrúar 1982, af Helga Péturssyni, þá til heimilis Einigrund 1, Akranesi, en nú til heimilis Sóleyjargötu 6, Akranesi, gegn Magnúsi Oddssyni bæjarstjóra f.h. Akranes kaupstaðar til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 20.000,00 ásamt 35% ársvöxtum frá 1. júlí 1980 til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, 1. febrúar 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af dómkröfum stefnanda og hann verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Sáttatilaunir í málinu urðu árangurslausar.

II.

Málavextir.

Stefnandi máls þessa, Helgi Pétursson rafsuðumaður, f. 13/7 1957, kvaðst hafa keypt bifreiðina Y-8377 á bílasöluinni Spyrran í Reykjavík af Ægi Kópssyni í Kópavogi, líklega 5. maí 1979, á gkr. 2.100.000, nýkr. 21.000,00. Samkvæmt ljósriti af lögregluskýrslu, dags. 30. apríl 1979, sem lögð hefir verið fram í dóminum, af árekstri þann dag var stefnandi þá talinn eigandi bifreiðarinnar. Samkvæmt skráningarskírteini Bifreiðaeftirlits ríkisins var bifreiðin af tegundinni Pontiac Firebird, árgerð 1970, innflutt notuð.

Þegar stefnandi keypti bifreiðina, var í henni ónýt sjálfskipting og ólagfærðar skemmdir á vinstri hlið hennar, á hurð og bretti.

Stefnandi lét lagfæra skemmdir þessar og notaði bifreiðina síðan í Reykjavík í nokkra mánuði, en hann var þá þar búsettur. Þá lenti bifreiðin þar í smátjóni og varð nokkur skemmd á framstykki. Seint á árinu 1979

kvaðst stefnandi hafa fengið áminningu frá lögreglu um, að bifreiðin væri óskoðuð. Skömmu síðar voru númerin tekin af bifreiðinni af starfsmönnum Bifreiðabjónustunnar við Skemmuveg í Reykjavík, og taldi stefnandi, að númerin hefðu verið lögð inn á bifreiðaeftirlitið í Kópavogi. Eftir þetta var bifreiðin númerslaus, og fékk hún aldrei E-númer og var aldrei umskráð á nafn stefnanda, enda var hann með bifreiðina í drætti, er hann flutti til Akraness um áramótin 1979 til 1980. Á Akranesi kvaðst stefnandi ásamt félögum sínum Hlyni Eggertssyni, Kristjáni Jónssyni og Björgvini Sigurðssyni hafa lagfært framstykkið og bremsukerfi bifreiðarinnar. Þar var vélin tekin úr bifreiðinni og vélarhúsið hreinsað og málað, og var bifreiðin þá tilbúin til undirbúnings undir sprautun. Fór stefnandi þá með bifreiðina til Björgvins Sigurðssonar, Laugarbraut 9, í bílskúr hans, en Björgvin hefur sprautað marga bíla í gegnum árin. Stefnandi telur þetta hafa verið í apríl-lok eða byrjun maí 1980. Eftir um það bil 10 daga var bifreiðin sett út á götuna og á bílastæði handan götunnar. Var það vegna þess, að liturinn, sem sprautað var með, reyndist ekki réttur. Þegar stefnandi hafði keypt réttan lit og kom á Laugarbrautina, var bifreiðin horfin. Sama dag var stefnanda skýrt frá því, að bifreiðin væri hjá áhaldahúsi bæjarins við Ægisbraut. Kveðst stefnandi þá strax hafa farið á vettvang, og sá hann þá bifreið sína á lóð bak við næsta hús við áhaldahúsið. Stefnandi lýsti ástandi bifreiðarinnar þannig: Rúðurnar voru allar brotnar, þakið hafði verið beygt niður að sætum, öll dekkín ásamt felgum höfðu verið tekin undan bifreiðinni, og höfðu steiptir kantsteinar verið settir undir hana, mælaborðið var brotið og mælar teknir úr því, stýrið var brotið af og hulstrið utan af stýristúpu. Bretti, hurðir og raunar allan hringinn hafði verið beyglað og skemmt. Stefnandi kvaðst þá hafa strax leitað til Jóns Sveinssonar hdl. og hefði lögmaðurinn skrifað til bæjarins um mál þetta og óskað eftir, að bætur yrðu greiddar. Stefnandi taldi, að þetta hefði átt sér stað í maí-júní 1980.

Stefnandi hefir haldið því fram fyrir dóminum, að hann hafi aldrei fengið tilmæli um að færa bifreiðina af bílastæðinu við Laugarbraut, en á þessum tíma var hann við vinnu utanbæjar, í Grundartanga, og kom aðeins til Akraness um helgar. Þá kvaðst hann ekki hafa vitað, hvenær bifreiðin var fjarlægð.

Stefnandi kvaðst hafa beðið lögreglu um, að mál þetta yrði rannsakað nánar, en eigi hafi það verið gert.

Stefnandi sagðist hafa mætt a.m.k. þrisvar sinnum hjá bæjarritara eða bæjarstjóra til þess að fá kröfu sína greidda og hafi hann boðið að gera út um málið með kr. 18.000,00 auk vaxta, en án árangurs. Bótakröfu sína hafi hann fundið þannig, að gangverð á svona bifreið hafi verið 45-50.000, en hann hafi dregið frá kr. 10.000,00 vegna vélarinnar og svo ætlaða vinnu

vegna ísetningu vélarinnar og lökkunar og annars frágangs á bifreiðinni.

Þá skýrði stefnandi frá því, að haustið 1980 hefði hann selt vélina úr bifreiðinni Svavari Heimi Guðjónssyni úr Hafnarfirði á kr. 7.000,00. Fékk hann einnig bílhræið, sem var afhent með leyfi bæjarritara. Þegar innheimtutilraunir stefnanda reyndust árangurslausar, leitaði hann til lögmanns, sem sendi bæjarstjóra Akraneskaupstaðar kröfubréf 23. október 1981, en síðan var mál þetta höfðað, svo sem fyrr greinir.

III.

Framangreind málavaxtalýsing er að mestu samkvæmt frásögn stefnanda fyrir dóminum. Hér verða nú rakin önnur gögn málsins, skýrslur starfsmanna stefnda, Akraneskaupstaðar, vætti vitna og skjöl, er lögð hafa verið fram í málinu.

Fyrst verður þó skýrt að nokkru frá efni bréfs eða greinargerðar, dags. 24. mars 1981, frá stefnanda til Magnúsar Oddssonar bæjarstjóra, en greinargerðin virðist samin og send að ósk hans. Í bréfinu fullyrðir stefnandi, að honum hafi hvorki verið gert aðvart fyrir eða eftir að bifreiðin var fjarlægð af bílastæðinu. Stefnandi kvaðst hafa farið til bæjartækni-fræðings, sem benti á garðyrkjuráðunaut bæjarins. Kannadist hann strax við málið, og sagðist hann hafa furðað sig á því, að bifreið þessi skyldi hafa verið fjarlægð, þar sem hann taldi, að töluverð verðmæti lægju í bifreiðinni. En hann hafi fjarlægt bifreiðina að skipun lögreglu. Stefnandi skýrði síðan frá því, að hann hafi haft tal af ráðamönnum bæjarins að ráði lögfræðinga til að reyna að ná samkomulagi um greiðslur bóta vegna skemmda á bifreiðinni. Talaði hann oftast en einu sinni við bæjarritara, sem tók honum vel og taldi, að málið gæti fengið fljóta afgreiðslu. Stefnandi kvaðst hafa farið fram á það við bæjarritara, að hann útnefndi mann til að meta skemmdir á bifreiðinni, en hann hafi þá sagt stefnanda að fá menn til þess og síðan væri stefnanda frjálst að ráðstafa bifreiðinni. Síðan talaði stefnandi við bæjarstjóra. Í bréfi stefnanda er eftirfarandi sundurliðuð kostnaðaráætlun vegna tjóns á bifreiðinni:

Beyglur og skemmdir á boddii	kr. 25.000,00
Rúður samkvæmt verði í nóv. '80	kr. 10.800,00
Kaup á felgum	kr. 1.940,00
Kaup á dekkjum	kr. 1.400,00
Kaup á mælaborði og mælum	kr. 4.500,00
Kaup á ýmsu í innréttingu	kr. 4.000,00
	kr. 47.640,00

Stefnandi sagði að lokum í bréfi sínu, að hann hefði athugað í nóvember

1980 verð á slíkri bifreið og hafi það þá verið 50-60 þúsund krónur.

Samkvæmt dagbók bæjarstjóra á Akranesi, Magnúsar Oddssonar, sem hann hefir staðfest fyrir dóminum, talaði stefnandi við hann 3. febrúar 1981. Skýrði stefnandi þá frá málavöxtum og vildi fá í bæt看 fyrir bifreiðina, kr. 15-20.000,00. Hafði bæjarstjóri því eigi vitað um mál þetta áður. Ræddi bæjarstjóri við Oddgeir Þór Árnason garðyrkjuráðunaut daginn eftir, sem skýrði frá atvikum málsins og að bifreiðin hafi verið fjarlægð. En daginn eftir að það var gert talaði stefnandi við Oddgeir, sem sagði honum, að hann gæti tekið bifreiðina strax og komið henni í geymslu. Þá var bifreiðin óskemmd að álitu Oddgeirs, en Helga var tjáð, að ekki væri hægt að taka á henni neina ábyrgð.

Vitnið Stefán Bjarnason yfirlögregluþjónn, Krókatúni 12, Akranesi, f. 18.01. 1917, staðfesti fyrir dóminum yfirlýsingu, sem lögð var fram í dóminum varðandi mál þetta. Þar segir: Samkvæmt dagbók lögreglunnar á Akranesi: Ár 1980, miðvikudaginn 14. nóv. hringdi Reynir Kristinsson bæjartækniþæðingur og bað um, að gerður yrði listi yfir númerslausa bíla sem stæðu á götum bæjarins. Sama dag fól vitnið Pétri Jóhannssyni lög-regluþjóni að kanna málið, og var bæjartækniþæðingi afhentur þessi listi daginn eftir. Vitnið minnstist þess, að á þessum lista var númerslaus bifreið, er lagt var gengt Laugarbraut 15 og var sögð eign Helga Péturssonar, Skagabraut 4, Akranesi. Bifreið þessi hafði staðið þarna í nokkrar vikur, er könnun þessi var gerð, og ítrekaðar kvartanir höfðu borist út af stöðu hennar. Vitnið kvaðst hafa beðið lögreglumenn á vaktinni að koma skila-boðum til Helga Péturssonar um að fjarlægja bifreiðina, en sagðist ekki hafa sent honum bréf. En Helgi sinnti þessu ekki.

Vitnið sagðist hafa séð bifreið Helga á bílastæðinu og hefði hún litið tiltölulega vel út. Þann 18. júní 1980 kvaðst vitnið hafa skrifað í dagbók lögreglunnar eftirfarandi: Kl. 13:10 hringdi Helga Sigurbjörnsdóttir, Laugarbraut 15 og kvaðst vilja endurnýja kvörtun sína út af númerslausum bíl Helga Péturssonar, sem stæði enn gengt húsi sínu.

Vitnið taldi, að flestar ef ekki allar bifreiðar skráðar á fyrrnefndan lista hefðu verið fluttar af götum bæjarins fyrir 17. júní það ár, en hins vegar muni hafa dregist fram í júlílok að fjarlægja bíl Helga Péturssonar. Vitnið sagði, að Helgi hefði óskað eftir rannsókn á töku bílsins, og kvaðst vitnið þá hafa sagt honum, að þessi bíll hefði verið tekinn af sömu ástæðu og aðrir bílar vegna kvartana. Vitnið upplýsti, að auglýst væri á vorin af hálfu bæjaryfirvalda að fjarlægja slíka bíla af götum bæjarins fyrir ákveðinn tíma að viðlögðum flutningi á ábyrgð eigenda. Er það tilkynning um lóðahreinsun á Akranesi, dags. 21. maí 1980, frá heilbrigðisnefnd Akraness, og var tilkynning þessi í „Bæjarblaðinu“ á Akranesi 27. maí 1980. Í tilkynningunni segir m.a. og hér skiptir máli (sic):

„Samkvæmt 2. og 5. kafla heilbrigðisreglugerðar frá 8. febrúar 1972 er lóðareigendum skylt að halda lóðum sínum hreinum og þrífalegum. Umráðamenn lóða eru hér með áminntir um að flytja nú þegar brott af lóðum sínum allt, sem veldur óþrífnaði og óþrýði og hafa lokið því fyrir 8. júní n.k.

Eigendum og umráðamönnum gamalla ónothæfra, númerslausra bifreiða er sérstaklega bent á að fjarlægja þær fyrir 8. júní n.k.

Að þessum fresti liðnum verða lóðir skoðaðar og þar sem hreinsunar er ábótavant verður hún framkvæmd á kostnað og ábyrgð húseiganda, án frekari viðvörunar.“

Af hálfu stefnda í málinu, Akraneskaupstaðar, gaf skýrslu fyrir dóm-inum Oddgeir Þór Árnason garðyrkjustjóri, f. 18.09.1943. Hann upplýsti, að það væri venja, að tæknideild Akraneskaupstaðar sæi um allar verklegar framkvæmdir og væri í starfi hans innifalin umsjón með allri hreinsun í bænum, þ. á m. hreinsun á lóðum svo og að fjarlægja bílhræ og aðra númerslausa bíla af lóðum og götum í bænum og í samráði við lögreglu. Hann kvaðst fá lista um bíla, sem fjarlægja þyrfti eða munnlegar tilkynningu frá lögreglu. En lögreglan væri venjulega búin að tilkynna eigendum eða umráðamönnum bifreiða um, að bílarnir verði fjarlægðir, og það væri föst venja að gera það ekki, án þes að eigendum væri fyrirfram tilkynnt það. Ef hægt er að draga bílinn, er það gert með tækjum bæjarins, en annars er fenginn bílkrani. Bílarnir eru yfirleitt og hafa undanfarin ár verið fluttir á lóð áhaldahúss bæjarins við Ægisbraut, og kvað Oddgeir bílhræin, sem oftast er um að ræða, þar alfarið vera á ábyrgð eigenda.

Oddgeir kvaðst sérstaklega muna eftir flutningi á bifreið Helga Péturs-sonar, stefnanda máls þessa. Þá hafi hreinsunartíminn að mestu verið búinn og jafnvel kominn júlímánuður. Oddgeir kvaðst hafa hitt Viðar Stefánsson lögreglumann fyrir utan lögreglustöðina og beðið hann um, að bifreiðin yrði fjarlægð samdægurs af bílastæðinu við Laugarbraut vegna ítrekaðra kvartana. Þennan sama dag fór Oddgeir á bílaverkstæðið Brautina og sendi verkstæðið starfsmann sinn með kranabíl, og var billinn tekinn í viðurvist og með aðstoð Oddgeirs frá Laugarbrautinni að lóð áhaldahússins, og var billinn settur á lóðina bak við næsta hús austan við áhaldahúsið. Þarna var opið svæði og ógirt, og vissi verkstjóri bæjarins í áhaldahúsinu um flutning bílanna.

Oddgeir kvað umræddan bíl hafa verið vélarlausan, en á dekkjum og hafi verið greinilegt, að verið var að vinna hann upp til sprautunar.

Oddgeir gerði engan reka að því að tilkynna Helga Péturssyni um flutning bilsins, en hann staðhæfði, að hann hefði hitt Helga, daginn eftir að billinn var fluttur, fyrir utan Kirkjubraut 2 hér í bæ. Oddgeir kvaðst hafa ítrekað, áminnt og ráðlagt Helga að taka bílinn samstundis, því hætta væri

á, að hann yrði fyrir skemmdum þarna á svæðinu, og kvaðst þá hafa haft í huga, að bílar, sem þarna hefðu verið geymdir, yrðu fyrir skemmdum.

Oddgeir sá umræddan bíl nokkrum vikum síðar að því er hann taldi, og var þá búið að taka dekkinn undan bílnum, en rúður ekki verið brotnar né þak beyglað.

Stefnandi hefir viðurkennt fyrir dóminum, að hann hafi hitt Oddgeir við Kirkjubraut 2 sama daginn og hann skoðaði bíl sinn við áhaldahúsið. Hinsvegar hafi hann ekki vitað, hvenær bíllinn var fjarlægður.

Vitnið Guðsteinn Oddsson, f. 19/4 1958, sem var starfsmaður bílaverkstæðisins Brautar, kvaðst hafa flutt umræddan bíl Helga Péturssonar á kranabil og taldi, að það hefði verið síðasti bíllinn, er fluttur var það árið. Vitnið sá bílinn við áhaldahúsið einum til tveimur mánuðum síðar, og voru þá rúður brotnar og hann beyglaður og nánast flak eitt. Vitnið kvaðst vera bifvélavirki og hefði hann áður skoðað bíl Helga gaumgæfilega og hafi hann þá verið í mjög góðu ástandi. Vitnið hafði áhuga á að kaupa bílinn og taldi verð hans hafa verið án sprautunar kr. 35.000,00 eða á líku verði og bíll, Camaro, er vitnið keypti og var af bílasölu metinn á sama verði án sprautunar.

Vitnið Sigríður Helga Sigurbjörnsdóttir, f. 3/10 1933, átti heima að Laugarbraut 15 árið 1980. Vitnið sagði, að númerslaus bíll hefði verið á bílastæði beint á móti húsinu og hafi hann blasað við utan stofugluggans, og fannst vitninu hann vera þarna til óprýði og lýta og einnig hafi hann tekið stæði frá bílum, sem voru oft margir þarna, einkum við jarðarfarir, og einnig væri slökkvistöðin við hliðina á bílastæðinu. Vitnið kvaðst því hafa kvartað undan þessu við lögregluna tvisvar sinnum og er það hringdi í seinna skiptið, hafi bifreiðin verið búin að vera þarna allengi, en var þá tekin fljótlega.

Vitnið Björgvin Vignir Sigurðsson kranamaður, Laugarbraut 9, f. 21.03. 1949, kvaðst allri vinnu hafa lokið undir lakk (sic), og búið var að sprauta eina umferð af lakki, er því var hætt þar sem litur reyndist ekki réttur. Var bíllinn þá færður út á bílastæði til þess að koma öðrum bíl að í bíl-skúrnum.

Vitnið taldi Helga Pétursson hafa vitað, að bíllinn var færður á bílastæðið. Og um það bil viku eftir að bíllinn var færður, kom Helgi og spurði hvort hann væri kominn inn í skúrinn. Vitnið sá bílinn á Ægisbraut fljótlega eftir að hann var fluttur. Var þá framrúða brotin og dekk farin undan að framan. Vitnið segir bílinn hafa verið í mjög góðu ásigkomulagi, áður en hann var fluttur af bílastæðinu, að undanskildum þessum atriðum:

Lakkvinnu var ólokið svo og frágangi á krómi og klæðningu. Vél var ekki í, þar sem hún var tekin úr vegna málunar í vélarhúsi, sem var lokið. Framstykki vantaði, en var í pöntun að sögn Helga.

Vitnið gat ekki giskað á verðmæti bílsins, eftir að hann var fullgerður undir lökkun.

Vitnið Guðleifur Hlynur Eggertsson vélvirki, f. 18.02. 1956, kveðst hafa vitað vel um bileign Helga Péturssonar og verið til ráðgjafar um endurbætur á bifreið hans, sem var sportbíll, frekar sjaldgæf tegund. Búið var að gera við öll tjón, er voru á bílnum, og hafi það verið mikill útlagður kostnaður fyrir utan ómælda vinnu, svo sem nýtt bremsukerfi, nýir demparar að aftan, pústkerfi endurnýjað og sjálfskipting. Nýleg dekk af Maxima gerð voru undir bílnum. Eftir að bíllinn hafði verið lakkaður, hefði mátt selja hann á háu gangverði í júní-júlí 1980, eða á kr. 50-60.000,00.

Vitnið kvaðst hafa séð bílinn um tveimur vikum eftir að hann var fluttur að Ægisbraut, og var þá bíllinn flak eitt, rúður brotnar og mælaborð og hann beyglaður.

Vitnið Kristján Jónsson vélvirki, f. 23.11. 1961, kvaðst hafa unnið mikið við bíl Hélga Péturssonar, tók úr honum vélina og vann við að hreinsa og mála vélarhúsið með Helga. Vitnið taldi, að bíllinn hefði selst á toppgangverði að lokinni sprautun og hefði gengið á allt að kr. 50.000,00.

Vitnið Hinrik Haraldsson rakarameistari, f. 25.11. 1944, kvaðst stunda bílasölu í tómstundum sínum. Vitnið fékk til skráningar og sölumeðferðar bíl Helga Péturssonar, Y-8377, árið 1980. Vitnið sá aldrei bílinn, en skráði hann samkvæmt upplýsingum Helga, sem ætlaði að koma með hann eftir sprautun. Vitnið hafði eigi gögn um lýsingu og skráningu á bínum. Vitnið kvaðst verðleggja bíla eftir ákvörðun eiganda, skráð bílasala í Reykjavík o.fl. gögnum.

Vitnið mundi ekki, hvaða verð hann setti á bílinn, en kvaðst álíta, að verðið hafi verið 40-50.000,00 miðað við, að þetta var sportbíll, og á þeim tíma voru amerískir bílar í góðu verði og eftirsóttir.

IV.

Stefnandi byggir bótakröfu sína á því, að bifreið hans hafi verið flutt af almennu bílastæði, þar sem hún var væntanlega í vörslu viðgerðarmanns, án þess að tilkynna það vörslumanni eða eiganda. Stefnandi hafi eigi fengið tilkynningu um fyrirhugaðan brottflutning og eigi heldur eftir að flutningurinn hafði farið fram. Varsla stefnda eða geymsla hafi og verið óforsvaranleg, þar sem bifreiðin var sett á opið svæði og ógirt með þeim afleiðingum, að bifreiðin var stórskemmd og teknir úr henni munir og hún ónýtt og nánast flak eitt og verðlaus. Byggist bótaábyrgðin á almennum skaðabótareglum og reglum um húsbóndaábyrgð. Einnig ber að líta svo á, að hér eigi við Kaupabálkur Jónsbókar, 16. kapítuli um ábyrgð á leigu-fénaði.

Það er upplýst í málinu, að bifreiðin er flutt að tilhlutan starfsmanns

stefnda, Akraneskaupstaðar. Það er einnig óumdeilt, að bifreiðin er flutt á umráðasvæði Akraneskaupstaðar, og hlaut hann því að bera ábyrgð á vörslu bílsins. Það er og upplýst í málinu, að aldrei var neinn vafi á því, hver átti bifreiðina, og var því unnt að tilkynna eiganda um fyrirhugaðan brottflutning. Í hinni almennu auglýsingu um lóðahreinsun frá heilbrigðisnefnd Akraness, sem greint hefir verið frá, er talað um lóðir og ónothæfar gamlar bifreiðar, sem valdi óþrifnaði og óþrýði. Auglýsingin virðist því naumast eiga við bifreið stefnanda, sem var, eins og fram kemur í málinu, á almennu bílastæði og leit tiltölulega vel út, greinilega í meðferð í sprautun og því ekki til óþrifnaðar eða óþrýði. Og þó að líta mætti svo á, að hin almenna auglýsing um lóðahreinsun heimilaði flutning bifreiðarinnar, var varðveisla og geymsla bifreiðarinnar með þeim hætti, að stefndi hafi með því valdið stefnanda fjárhagstjóni, sem honum beri að bæta. Og gildi þá einu, þó að stefnandi hafi vitað fljótlega um flutning bifreiðarinnar, sem er þó ósannað, því að hann mátti treysta því, að varsla bifreiðarinnar væri örugg og geymsla hennar því á ábyrgð stefnda, Akraneskaupstaðar. Bótá fjárhæð, kr. 20.000,00, auk vaxta sé innan sanngjarnra marka og í hóf stillt. Eigi fór fram skoðun eða mat dómkvaddra manna á tjóninu, sem ráðagerðir virðast þó hafa verið um. Var það m.a. af því, að stefnandi hafði ástæðu til að ætla á tímabili, að hann fengi greiddar bætur, og var því bilhræið afhent með vélinni sem fyrr greinir. Allmörg vitni hafa lýst ástandi bifreiðarinnar bæði fyrir og eftir tjónið. Telja verður upplýst sú staðhæfing stefnanda, sem styðst við vætti vitna, að bifreiðin hafi verið ónýtt á vörslusvæði stefnda. Vitnið Björgvin V. Sigurðsson hefir lýst því, að bifreiðin hafi verið í mjög góðu ásigkomulagi, aðeins var eftir að ljúka lökkun og ganga frá nokkrum öðrum atriðum, er hún var flutt af bílastæðinu. Vitnin Kristján Jónsson og Guðleifur Hlynur Eggertsson töldu verð bílsins sprautaðs og fullbúins allt að 50-60.000 krónum. Hinrik Haraldsson bílasali áleit verðið 40-50.000,00. Vitnið Guðsteinn Oddsson taldi verðið án sprautunar vera um kr. 35.000,00. Af þessum og öðrum gögnum málsins megi ljóst vera, að fjárhæð bótakröfu stefnanda er raunhæf og eðlileg, þó að sönnunargögn séu eigi svo traust sem verið hefði, ef skoðunar- og matsgerð hefði fram farið.

Af hálfu stefnda hefir málavaxtalýsingu stefnanda verið mótmælt í verulegum atriðum rangri (sic), og byggir hann sýknukröfu sína á því, að stefndi eigi enga sök á því, að bifreiðin hafi verið skemmd, ef um skemmdir hafi verið að ræða, jafnframt því að heimilt hafi verið að færa bifreiðina af götum bæjarins með þeim hætti sem gert var. Stefnanda hafi ítrekað verið tjáð af lögregluyfirvöldum, að til stæði að fjarlægja bifreið hans, og stefnandi hafi fengið frekari frest en aðrir, sem svipað var ástatt um, en aðhafðist samt ekkert í málinu. Þetta mun hafa staðið í um tvo mánuði. Tilfnið

var, að verið var að hreinsa Akraneskaupstað á þessum tíma af bifreiðum, tækjum og hlutum, sem voru í óhriðu í bænum, líklega í tilefni af 17. júní hátíðarhöldum. Bifreiðin hafi verið til mikillar óþrýði, þar sem hún stóð við Laugarbraut á almennu bílastæði númerslaus. Bifreiðin hafi því verið heimilislaus þarna (sic) og ekki í vörslu. Bifreiðin var því fjarlægð, þar sem hún stóð, og færð á lóð áhaldahúss bæjarins. Um þetta var stefnandi látinn vita daginn eftir samkvæmt frásögn Oddgeirs Þórs Árnasonar, sem gefur skýrslu um málsatvik sem opinber starfsmaður. Var þá bifreiðin enn ekki skemmd að því er ætla má, og gerði stefnandi engan reka að því að taka bifreið sína, þó að honum væri bent á hættu á skemmdum. Og vætti vitna og frásögn Oddgeirs Þórs fyrir dóminum bendi til þess, að bifreiðin hafi eigi orðið fyrir skemmdum, fyrr en allöngu eftir að hún var flutt. Verður því að telja, að bifreiðin hafi eftir þetta verið alfarið á ábyrgð stefnanda, þar sem ekkert tjón var orðið, er hann vissi um flutninginn. Þá beri á það að líta, að heimild starfsmanna stefnda til að fjarlægja bifreiðina sé ótvíræð í heilbrigðisreglugerð frá 8. febrúar 1972. Beri stefndi því af þeirri ástæðu enga ábyrgð á hugsanlegu tjóni stefnanda. Af hálfu stefnda hefir verið á það bent, að stefnandi hafi eigi í málinu lagt fram nein gögn um eignaraðild að bifreiðinni, t.d. afsal, og eigi heldur gögn um sölu eða ráðstöfun á flakinu. Bar stefnanda þó skylda til að tilkynna um eigandskipti á bifreið samkvæmt umferðarlögum. Sýni þetta hvað ótraustur mála-tilbúnaður stefnanda er og eigi að leiða til sýknu ásamt öðrum málsástæðum.

Þá hefir dómkröfum stefnanda verið mótmælt sem of háum og órökstuddum, bæði áætlun hans um verð bifreiðarinnar og fjárhæð tjónsins. Engin matsgerð dómkvaddra manna hafi farið fram um meint tjón. Stefndi afhenti eða seldi, sem fyrr greinir, bifreiðina eða flakið með vélinni án þess að gera nánari grein fyrir verðmæti þess, sem kynni að vera meira en fram hefir komið. Engin örugg sönnunargögn hafi komið fram í málinu um verðmæti bifreiðarinnar eða fjárhæð tjónsins. Athuga beri, að bifreiðin var af árgerð 1970, en eigi 1972, einsog stefnandi taldi, og hefir þetta áhrif á verðáætlun. Vitnisburðir nokkurra kunningja stefnanda, sem fyrir liggja í málinu um verð bifreiðarinnar, séu mjög óákveðnir og ótraustir og verði að meta með varúð. Fjárhæð bótakröfu stefnanda er því mótmælt af hálfu stefnda sem ósannaðri og beri því að sýkna stefnda alfarið af kröfum stefnanda í málinu.

V.

Af gögnum máls þessa má ráða, að lögreglumönnum svo og starfsmönnum stefnda, Akraneskaupstaðar, var kunnugt um, að stefnandi var eigandi að bifreið þeirri, sem um ræðir í máli þessu. En eigi verður talið

sannað gegn neitun stefnanda, að honum hafi verið kunnugt um fyrirhugaðan flutning bifreiðarinnar af bílastæðinu. Það þykir þó eigi skipta máli, þar sem líta verður svo á, að í hinni almennu tilkynningu heilbrigðisnefndar Akraness um lóðahreinsun á Akranesi, sem að framan er getið, felist heimild til brottflutnings bifreiðarinnar samkvæmt heilbrigðisreglugerð frá 8. febrúar 1972. Heilbrigðisnefnd starfar í umboði og á ábyrgð stefnda, Akraneskaupstaðar. Þó að umrædd bifreið virðist hafa litið vel út og verið á almennu bílastæði, ber á það að líta, að kært hafði verið um veru bifreiðarinnar þar, og hafa verður í huga nauðsyn þess að halda bænum hreinum og þrifalegum. Þegar litið er til þess og atvika málsins að öðru leyti, verður bótaakrafa stefnanda eigi byggð á því, að bifreiðin hafi verið fjarlægð af bílastæðinu með ólögmætum hætti. Bifreiðin var flutt af starfsmanni stefnda með hjálp bílkrana og sett á opið svæði og ógirt, á lóð stefnda við Ægisbraut. Ljóst er, að starfsmaðurinn gerði sér grein fyrir nokkru verðmæti bifreiðarinnar, þar sem greinilegt hafi verið, að verið væri að vinna hana undir sprautun. Þá er upplýst, að hann taldi hættu á, að bifreiðin yrði þarna fyrir skemmdum, þar sem hann kvaðst daginn eftir hafa áminnt og ráðlagt stefnanda að taka bifreiðina strax til að koma í veg fyrir það, því bílar sem þar hefðu verið geymdir, hafi orðið fyrir skemmdum. Verður því að líta svo á, að geymsla bifreiðarinnar og varsla af hálfu stefnda hafi verið með ólögmætum hætti. Og eigi verður um deilt í málinu, að stefndi, Akraneskaupstaður, ber í þessu efni ábyrgð á störfum starfsmanna sinna, og eigi ber að líta svo á, að hin almenna auglýsing heilbrigðisnefndar veiti neina heimild til að valda eigendum bifreiða þessara, sem fjarlægðar eru, fjárhagstjóni, þar sem flutningurinn er á ábyrgð eigenda. Og eðlilegt virðist vera, að Akraneskaupstaður varðveiti bifreiðar þær, sem fluttar eru, í öruggri geymslu og gefi eigendum færi á að hirða eignir sínar gegn kostnaði við flutning og vörslu eignanna. Af hálfu stefnda hefir því **verið haldið fram, að stefnanda hafi daginn eftir flutninginn verið tilkynnt** um hann og skorað hafi verið á stefnanda að taka bifreiðina og ætla megi, að þá hafi hún verið óskemmd. Og eftir þann tíma hafi hún því verið á geymslusvæði stefnda á ábyrgð stefnanda. En á þann skilning stefnda verður þó eigi fallist. Nokkur óvissa er um, hvað stefnanda og starfsmanni stefnda fór á milli í umrætt sinn, og telja verður, að starfsmaður stefnda hafi eigi, eins og á stóð, getað firrt stefnda ábyrgð á þeirri skyldu, að varsla bifreiðarinnar væri með öruggum hætti. Verður því að telja, að stefndi beri fébótaábyrgð á því tjóni, er stefnandi sannanlega varð fyrir vegna skemmda á bifreiðinni. Nokkur óvissa er um, hvernær skemmdir urðu á bifreið stefnanda og hvað miklar. Stefnandi lét hjá líða að fá dómkvadda menn til að skoða og meta skemmdir á bifreiðinni. Eru sönnunargögn um þau atriði eigi eins góð sem annars hefðu getað verið. Eigi þykir það þó

eiga, eins og atvikum er háttað, að leiða til sýknu í málinu. Telja verður sönnuð staðhæfing stefnanda um (sic) að skemmdir og tjón á bifreiðinni hafi orðið, er hún var í vörslu stefnda, enda hefir hún stuðning í vætti vitna, sem að framan er rakið. Þegar litið er til lýsingar vitna á ástandi bifreiðarinnar og meints verðmætis hennar fullbúinnar og jafnframt haft í huga tilboð stefnanda til stefnda um greiðslu tjónbóta og önnur atvik í málinu, þykir mega ákveða tjón stefnda kr. 12.000,00.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber stefnda, Akraneskaupstað, til að greiða stefnanda kr. 12.000,00 með 35% ársvöxtum frá 1. júlí 1980 til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1982, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 9.800,00.

Dóm þennan kvað upp Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjargógeta.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Akraneskaupstaður, greiði stefnanda, Helga Péturssyni, kr. 12.000,00 með 35% ársvöxtum frá 1. júlí 1980 til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1982, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 9.800,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
